

263. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGUR 30. MARS 2017 KL 16:30

AUKAFUNDUR

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík.

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning.
2. Málshöfðun Halldórs Gunnarssonar og Stórolfshvolssóknar á hendur þjóðkirkjunni og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndarinnar í máli sóknarinnar.
3. Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst í Neskirkju 16:30. Agnes M Sigurðardóttir biskup Íslands og forseti kirkjuráðs stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir Stefán Magnússon, séra Gísli Gunnarsson, séra Elínborg Gísladóttir og Einar Karl Haraldsson varamaður í fjarveru Svönu Helenar Björnsdóttur. Jafnframt sat fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

2. MÁLSHÖFÐUN Á HENDUR ÞJÓÐKIRKJUNNI OG ÁFRÝJUNARNEFND ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Framkvæmdastjóri reifaði málið. Biskupi Íslands og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar hafa verið birt stefna Halldórs Gunnarssonar og Stórolfshvolssóknar til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndarinnar í máli sóknarinnar vegna úthlutunar styrkja úr Jöfnunarsjóði sókna. Lagt er til að kirkjuráð feli Gesti Jónssyni hrl. að skrifa upp á stefnuna og annast málsvörnina f.h. stefndu. Tillagan samþykkt samhljóða. Sr. Gísli Gunnarsson kirkjuráðsmaður óskaði að bókað yrði að hann sæti hjá við atkvæðagreiðsluna og vísaði til fundargerðar 9. júní 2015, liðar 3f svo og til bókunar sinnar í fundargerð frá 15. mars 2016 liðar 2.

3. ÖNNUR MÁL

Önnur mál komu ekki fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:00

Næsti reglulegur fundur er áætlaður í Skálholti 11. apríl 2017

Agnes M Sigurðardóttir,
forseti kirkjuráðs.

Oddur Einarsson,
framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

Séra Gísli Gunnarsson.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Stefán Magnússon.

Einar Karl Haraldsson.